

VHS-spólur að verða dýrgripir



Ísabella segist elska örið sitt



FASTEIGNASALAN
TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

Lífið > 28

Lífið > 30

FRÉTTABLAÐIÐ

150. TÖLUBLAÐ 22. ÁRANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 26. JÚLÍ 2022

Ný gögn talin bæta réttarstöðu grunaðra lækna

Matsmenn hafa skilað af sér rannsókn vegna gruns um stórfelld og glæpsamleg brot tveggja lækna. Lögmaður annars læknisins telur að málin verði felld niður.

bth@frettabladid.is

HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA Lögmaður læknis, sem grunaður var um að hafa veitt sjúklingum tilefnislausu lífslokameðferð á Suðurnesjum, vantar þess að rannsókn verði felld niður. Störf tveggja lækna á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eru til rannsóknar.

Dómkvaddir matsmenn hafa skilað af sér matsgerð til Héraðsdóms Reykjaness. Þeir rannsökuðu meðferðir á sjúklingum eftir að Lögreglan á Suðurnesjum fór fram á matsgerðir vegna ásakana um stórfelld brot tveggja lækna og áttu að svara spurningum er snúa að læknisfræðilegri meðferð sjúklinganna.

Aðstandendur látinna einstaklinga töldu að læknarnir kynnu að vera sekir um tilefnislausu lífslokameðferð.

Rannsókn málsins er ólokið en hinir matsmennirnir telja að skráning læknismeðferða á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í tölvukerfum hafi verið með öðrum hætti en á öðrum sjúkrahöfnum. Ekki hafi alltaf verið samræmi milli skráninga í tölvukerfum og þeirra meðferða sem í raun hafi verið veittar.

„Ég vænti þess að málin gegn mínum umbjóðanda verði nú felld niður í kjölfar niðurstöðu mats-

”

Ég vænti þess að málin gegn mínum umbjóðanda verði nú felld niður.

Almar Möller, lögmaður

mannanna og að rannsókn verði hætt,” segir Almar Möller, lögmaður annars læknisins, og staðfestir að matsgerðum hafi verið skilað.

Um nokkra einstaklinga var að ræða og málin bar að með ýmsum hætti. Eftir að grunur kviknaði um brot heyrðu ættingjar annarra látinna af því að eitthvað óeðlilegt kynni að vera í gangi. Að minnsta kosti ein kára barst og fleiri ábendingar fylgdu. Skyld er að skrá mál og rannsaka ef grunur kviknar um óeðlilegt dauðsfall. Hlutverk dómkvöddu matsmannanna var ekki að úrskurða um sekt eða sýknu.

Embætti landlæknis taldi í álit 18. febrúar síðastliðinn að þjónusta Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja við sjúkling, sem lést á sjúkrahólinni árið 2019, hefði verið verulega ábótavant. Meðferðin hefði verið ófagleg og ekki samræmst viðurkenndu verklagi. Þar var um að ræða áttæða konu sem sagt var að væri ekki lífshættulega veik en hefði fengið líknandi meðferð.

Læknirinn var færður um set og starfaði hjá Landspítalanum áður en hann fór í leyfi. ■

Hóteleigandi segir Suðurland afætu


FERÐAÞJÓNUSTA „Vörumerkið Ísland er í rauninni ónýtt,” segir Þráinn Lárusson, hóteleigandi og einn umsvifamesti eigandi fyrirtækja í ferðaþjónustu á Austurlandi.

Þráinn vill að hið opinbera breyti um stefnu. Ríkisfé sé illa varið með

of einhliða markaðssetningu á svæði nálægt höfuðborginni.

„Feiti unginn situr á Suðurlandinu og afetur okkur hin,” segir Þráinn.

„Það er margt til í þessu hjá Þráni,” segir Skarphéðin Berg Steinarsson ferðamálastjóri. **SJÁ SIÐU 4**



Uppsteypu nýbyggingar þinghússins á horni Vonarstrætis og Tjarnargötu er að ljúka. Fimmta hæðin er að taka á sig mynd. Þar verður nýtt mótuneyti þingsins ásamt fundarsölum. Alþingi fær húsið afhent um mitt næsta ár og er áætlað að starfsemi verði komin þar á fullt er þing kemur saman þá um haustið. Skrifstofur þingmanna og fundaradstaða þingnefnda verður í nýbyggingunni sem leysir þá af hólmi leiguhúsnæði í nálægum húsum. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Škoda Kodiaq Vinsæli ferðafélaginn!

Fjór hjóladrífinn, mjög vel útbúinn með 2.5 tonna dráttargetu

Verð frá 7.590.000 kr. — Eigum nokkra lausa bíla á lager!

Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. — www.hekla.is/skodasalur



ŠKODA

Endurskoðendur sniðgangi lögin

olafur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Þórólfur Matthíasson hagfræðiprófessor spyr hví ríkissjóður krefji ekki kvótahafa um full veiðigjöld sem þeir hafi fengið afslátt af á grundvelli gallaðra ársreikninga.

Þendir Þórólfur á að ríkissjóður krefji öryrkja og ellilífeyrisþega um fulla endurgreiðslu þegar lífeyrir sé ofgreiddur vegna rangra upplýsinga.



Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði

Þetta kemur fram í grein Þórólfs í Fréttablaðinu í dag. Þar svarar hann grein Birkis Leóssonar endurskoðanda. Þórólfur segir endurskoðendur sniðgangi grundvallarreglu ársreikningslaga um að ársreikningur skuli gefa glögga mynd af afkomu og efnahag þegar þeir endurskoða ársreikninga útgerða sem eiga aflheimildir.

Segir Þórólfur endurskoðendur hafa greitt háar fjárhæðir til að komast hjá málsókn vegna uppáskriftar rangra ársreikninga. **SJÁ SÍÐU 11**

Valkostir á Lækjartorgi



Miðbær Reykjavíkur iðar nú af lífi aftur eftir daufa daga á tímum kórónaveirunnar. Á Lækjartorgi er margt um að vera og ýmislegt í boði. Til dæmis er hægt að tylla sér niður í gróðurhúsi og njóta veitinga eða kíkja inn í spilasal þar sem háspennan ræður ríkjum og peningar streyma úr höndum gesta. Það er líka hægt að fylgja vegvisi auglýsingaspjalds og líta á eitt sérstakasta safn Íslands. Nú eða bara skoða simann sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mike Pence boðar frelsisáætlun sína

gar@frettabladid.is

BANDARÍKIN Mike Pence, varaforseti Bandaríkjanna í forsetatíð Donalds Trump, segist vera með „Frelsisáætlun“ sem verði vegvisir fyrir leiðtoga íhaldsmanna sem vilji tengjast Bandaríkjamönnum sterkum böndum á þeim sviðum sem varði þeirra forgangsmál.



Mike Pence, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna

Þetta kemur fram í ræðu sem CNN hafði aðgang að áður en Pence flutti hana í Washington í gær. Pence stefnir að framboði til forseta Bandaríkjanna. ■

Aldrei upplifað annað eins stórfiskasumar í Mývatni

Veidibóndi hefur aldrei áður veitt þrjá risaurriða sama sumarið langt úti í Syðri-Flóa Mývatns. Hann telur urriðann elta hornsli út á mitt vatn í stað þess að halda sig á grynningaslóð.

bth@frettabladid.is

VEIÐI „Ég hef aldrei áður veitt þrjá fiska sama sumarið sem hafa farið yfir 11 pundin, aldrei,“ segir Gylfi Ingvason, veiðibóndi og reykmeistari á Skútustöðum í Mývatnsveit.

Veidibændur veida samkvæmt skilyrðum í net í Mývatni á tilteknum árstímum, einstaka stórfiskur slæðist með á sumrin á stöng.

„Mörg ár veiðir maður engan fisk yfir 10 pund. Þetta er því óvanalegt stórfiskasumar og óvenjumikið af mjög fallegum urriða,“ segir Gylfi.

Suma stærstu urriðanna sem Gylfi hefur veitt í sumar segir hann hafa verið langt frá landi.

Tilgátan er að stórrurriðinn, sem alla jafna kann best við sig skammt frá landi í hrauni, elti nú hornsli um allt vatn.

„Urriðaveiðin er miklu dreifðari en við höfum áður séð,“ segir Gylfi.

Toppur toppanna í taðreykingu hjá Gylfa er að hans sögn feitur urriði úr Mývatni eða Laxá. Þá komi við og við úrvalsfiskar frá öðrum svæðum í reyk á Skútustöðum. Fiskurinn megi ekki vera magur til að gæðin nái hæstu hæðum.

„Það koma góð átuár í Mývatni og Laxá og það koma slæm átuár. Það er fyrst og fremst í góðu árunum sem urriðinn verður svona rosalega þykkur eins og við höfum séð mörg dæmi um í sumar.“

Þegar Fréttablaðið bankaði upp á hjá Gylfa var mikill fjöldi ferðamanna að mynda reykhusið. Enda eru þeir ekki margir staddirnir í dag sem notast við það sem Gylfi kallar „alvöru taðreykingu“. Gylfi hyggur



Hnossgætið sem eldri Mývetningar kalla saltreyð.

FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN



Urriðaveiðin er miklu dreifðari en við höfum áður séð.



Gylfi Ingvason í Skútustöðum



Dæmi um stórrurriða sem veiddist í Mývatni í liðinni viku.

ing á skít húsdýra sem eldsneyti, í hættu úti um allan heim. Rifjar Gylfi upp að Sami einn frá Finnlandi hafi heimsótt hann einu sinni í reykhusið. Saminn hafi lýst hvernig Matvælastofnun Finnlands hafði eyðilagt grundvöll taðreykingar í Finnlandi með óbilgjörnum kröfum. Saminn hafi lifað á taðreyktu hreindýrakjöti í skinnkjöldum en kerfið rofið áhrundraða sögu.

„Ef framleiðsla stenst allar kröfur eru það engin rök gegn taðreykingu að eldiviðurinn hafi upprunalega verið skítur,“ segir Gylfi. „Það er búið að vinna hann og margt lífrænt ræktað grænmeti sem þykir gott er ræktað af skít,“ segir reykmeistarinn. ■

raunar að aðeins séu um 10 til 20 aðilar eftir á öllu landinu.

„Eftir eina kynslóð sé ég ekki fyrir mér að það verði nokkur taðreyking í gangi hér á landi, ekki nema gervitaðreyking,“ segir Gylfi. Með „gervitaðreykingu“ á Gylfi við að ekki sé hægt að kalla það taðreykingu að setja einn taðköggul með sagi í nokkra klukkutíma.

Raunar er taðreyking, það er nýt-

Maðurinn sem féll í Brúará er látinn

erlamaria@frettabladid.is

ANDLÁT Maður sem lést í Brúará á sunnudag var kanadískur ríkisborgari. Hann fór út í ána til að bjarga syni sínum sem féll í hana. Drengurinn slapp án meiðsla en manninum varð fótaskortur og barst hann niður eftir ánni.

Að sögn lögreglu barst maðurinn um 400 til 500 metra eftir ánni, sem er straumpung og mjög köld. Þyrla Landhelgisgæslunnar fann hann.

Lögregla vinnur áfram að rannsókn málsins og þakkar viðbragðsáðilum og öðrum vegfarendum sem aðstoðuðu í tengslum við slysið. ■

MANIC PANIC N.Y.C.
Hárskolin fást hjá okkur

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955



LÁTTU VERKIN TALA

TOYOTA PROACE



TOYOTA PROACE
verð frá: 5.850.000 kr.

KINTO ONE langtímaleiga:
1 ár: 184.000 kr. á mánuði
2 ár: 159.000 kr. á mánuði
3 ár: 148.000 kr. á mánuði



TOYOTA PROACE CITY
verð frá: 4.290.000 kr.

KINTO ONE langtímaleiga:
1 ár: 146.000 kr. á mánuði
2 ár: 127.000 kr. á mánuði
3 ár: 120.000 kr. á mánuði

TOYOTA – MEST SELDA
BIFREIÐATEGUNDIN
Á ÍSLANDI

32


ÁR Í RÖÐ

Sama hver verkefni eru þá er Toyota Proace til staðar fyrir þig.

Amstri dagsins fylgja ýmsar áskoranir. Hvort sem þú ert að leita að styrk og burðargetu eða mýkt og lipurð fyrir fólksflutninga, þá er Toyota Proace bíll sem hentar þínum þörfum.

Toyota Proace er traustur, öflugur og fjölhæfur bíll, fánlegur í ýmsum stærðum og gerðum. Þú hefur val um orkugjafa, lengd, yfirbyggingu og stærð hleðslurýmis, allt eftir því hvað hentar þinni starfsemi. Vinnuaðstaða bílstjórans er snjöll og þægileg og bíllinn er búinn framúrskarandi öryggisbúnaði sem tryggir öryggi þitt í vinnunni.

Allar gerðir Proace koma með 7 ára (3+4) ábyrgð og þeim fylgir 3 ára þjónusta. Skoðaðu nánar á toyota.is



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000

Bíllarnir í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



Nóg er um að vera í grunnskólunum.

Aldrei fleiri í grunnskólunum

erlamaria@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Aldrei hafa fleiri nemendur verið í skyldunámi á Íslandi en haustið 2021 þegar 46.859 nemendur voru skráðir í grunnskóla. Nemendum fjölgaði um 171 frá hausti 2020, eða um 0,4 prósent. Samkvæmt Hagstofu Íslands stafar fjölgunin af flutningi barnafjölskyldna til landsins.

Þá hefur nemendum án erlends bakgrunns fækkað um rúmlega tíu prósent frá 2006, úr 37.900 í tæplega 34.700. Á sama tíma hefur nemendum með erlendan bakgrunn fjölgað, mest innflytjendum af annarri kynslóð. Þeim fjölgaði úr 230 árið 2006 í rúmlega 2.600 árið 2021. Þá hefur innflytjendum fjölgað á sama tíma, úr tæplega eitt þúsund í nær 2.400. ■

Ísland veitir styrk til Afganistans

erlamaria@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL Íslensk stjórnvöld munu veita áttatíu milljónum króna í sérstakan sjóð Sameinuðu þjóðanna fyrir Afganistan til þess að styðja við þróunarverkefni í landinu, samhliða mannúðarstöð. Sameinuðu þjóðirnar segja mikla neyð ríkja í landinu og áætla að rúmlega helmingur þjóðarinnar þurfi á alþjóðlegri mannúðarstöð að halda, þar sem félagslegir innviðir séu að hruni komnir og aðgengi að grunnþjónustu sé afar slæmt. Þá reið mannskæður jarðskjálfti yfir landið í síðasta mánuði.

„Algjört neyðarástand ríkir í Afganistan og þörfin á bæði mannúðar- og þróunarstöð er ákaflega brýn. Því er afar mikilvægt að Ísland leggi sitt af mörkum til þess að bregðast við þeim hörmungum sem þarna hafa átt sér stað, bæði af völdum náttúru og manna,“ segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra. ■

Líkur á hækkandi verðbólgu út árið hérlendis

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Vísitala neysluverðs fyrir júlí hækkadi mun meira en greiningaraðilar bjuggust við og er ársverðbólgan nú 9,9 prósent samkvæmt mælingum Hagstofunnar.

Virðist ársverðbólgan munu rjúfa tveggja tölu múrinn í ágúst og talsverðar líkur eru á að hún fari yfir 12 prósent fyrir árslok og byrji jafnvel ekki að lækka á ný fyrr en í febrúar.

Kjarasamningar á almennum vinnurmarkaði eru lausir í haust og



Óvist er hvort verðbólga byrjar að hjaðna á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ljóst að verkalýðshreyfingin mun leggja ríka áherslu á kjarabætur til að vega upp á móti mikilli verðbólgu og háum vöxtum. Þá nærir verðbólgan sjálfa sig meðal annars vegna þess að stór hluti kostnaðar fyrirtækja liggur í verðtryggðum húsaleigusamningum og launum.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhafgræðingur Íslandsbanka, telur líklegt að verðbólga mælist rúm 10 prósent í næsta mánuði. „Okkur sýnist að verðbólgutakturinn verði svo áfram rétt um 10 prósent út árið að því

gefnu að það fari heldur að hægja á hækkun íbúðarverðs og innflutningsverðs verði tiltölulega stöðugt.

Ef launahækkningar verða hóflegar, eða að minnsta kosti í takti við launaþróun undanfarinn áratug eða svo, eru góðar líkur á að verðbólgutakturinn gefi eftir þegar lengra líður á komandi vetur, jafnvægi á húsnæðismarkaði batnar og innflutt verðbólga hjaðnar. Það má hins vegar ekki mikið út af bregða svo verðbólga verði ekki þrálátari,“ segir Jón Bjarki. ■

Segir Suðurlandið feitan unga sem aféti landsvæðin fjær höfuðborginni

Einn umsvifamesti eigandi fyrirtækja í ferðaþjónustu á Austurlandi auglýsir eftir brýnum breytingum í stefnu hins opinbera. Vörumerkið Ísland sé í raun ónýtt.

bth@frettabladid.is

FERÐAÞJÓNUSTA Ríkisfé er illa varið með of einhliða markaðssetningu á svæði nálægt höfuðborginni. Það leiðir til þess að aðrir landshlutar stríða annaðhvort við ládeyðu eða þá að allt húsnæði úti á landi bókast upp og svæði verða uppseld nokkrar vikur á ári. Þetta segir Þráinn Lárusson, eigandi fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Þráinn er með 140-150 manns á launaskrá nú um stundir. Hann rekur ýmis veitingahús og hótél og staðfestir að Austurland sé uppselt sem stendur. Hins vegar sé sá galli á gjöf Njarðar að innan nokkurra vikna verði mörgum ferðaþjónustufyrirtækjum lokað, enda enn eftir litlu að slægjast utan háannar. Dreifa þurfi ferðamönnum miklu betur um landið á ársgrunni og kynna landshluta fjær höfuðborgarsvæðinu betur, skerpa á sérstöðu hvers fjórðungs.

„Það fæðist enginn erlendur ferðamaður með þá hugsun að skoða bara Gullfoss og Geysi,“ segir Þráinn. „Það er búið að fara með hundruð milljóna í markaðssetningu á Reykjavík og á Suðurlandi með opinberu fé og eins af hálfu stærra fyrirtækja,“ bætir hann við. „Á meðan fáum við hér fyrir austan kannski fjárhæð sem nemur kostnaði við eina auglýsingu á einni síðu í dagblaði.“

Þráinn segir að enginn einn geti markaðssett heilu landshlutana.



Hótél Hallormsstaður er dæmi um hótél þar sem hvert herbergi er uppþokað sem stendur. Hótelinu verður lokað í október, því þá eru flestir ferðamenn hornfir.

MYNDIR/BJÖRN PORLÁKSSON.



Það fæðist enginn erlendur ferðamaður með þá hugsun að skoða bara Gullfoss og Geysi,.



Þráinn Lárusson, eigandi fyrirtækja í ferðaþjónustu

„Feiti unginn situr á Suðurlandinu og afétur okkur hin. Nú er þetta ástand að koma okkur í koll,“ segir Þráinn og vísar til þess að ýmist sé í ökkla eða eyra hvað varði annríkið fyrir austan.

„Vörumerkið Ísland er í rauninni ónýtt,“ segir Þráinn þar sem Ísland í dag sé aðeins markaðssett sem Reykjavík og nágrenni og þar sé að hluta hinu opinbera um að kenna.

Skarphéðinn Berg Steinarsson ferðamálastjóri segir ástæðu til að hlusta á gagnrýni Þráins.

„Það er margt til í þessu hjá Þráni,“ segir Skarphéðinn.

Skarphéðinn telur reyndar ofmælt að tala um Ísland sem ónýtt vörumerki. Sannarlega megi þó gera betur, leggja meiri áherslu er kemur að opinberu fé á markaðs-

setningu á fjölbreytileika ólíkra svæða og landshluta. „Austurland er vitaskuld á margan hátt ólíkt þeim svæðum sem eru nálægt höfuðborgarsvæðinu,“ segir Skarphéðinn.

Kannanir sýna að langflestir ferðamenn koma til Íslands náttúrunnar vegna. Oft er rætt um mikilvægi þess að opna fleiri gáttir í gegnum Akureyri og Egilsstaði. Ferðamálastjóri segir jákvæð teikn á lofti hvað varðar millilandaflug frá Akureyri en um langhlaup sé að ræða, mikið markaðsstarf og þolinmæði.

„Ferðaþjónustufyrirtæki á þessum svæðum þurfa að aðlaga sig. Það hefur verið bent á skort á gistingu fyrir norðan en fólk er núna greinilega að bregðast við,“ segir Skarphéðinn ferðamálastjóri. ■

FÆRÐIN ER ALLTAF GÓÐ

Leyfðu Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid að spreya sig á krefjandi slóðum. Leiðin verður rafmögnuð.

5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAHLOÐUNNI PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LOKAÐ LAUGARDAGA Jeep



4x4 PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS • ISBAND.IS

MINI COOPER

ÖRFÁ EINTÖK TIL AFHENDINGAR STRAX



MINI ELECTRIC

VEGLEGUR KAUPAUKI HLEÐSLUSTÖÐ OG UPPSETNING,* OG 50.000 KR. HLEÐSLUINNEIGN HJÁ ÍSORKU

Komdu og prófaðu rafmagnaðan MINI Cooper. Það er ekki bara mótörinn sem er rafmagnaður, útlitið sendir þægilegan straum um taugakerfið og skilningarvitin.

MINI COOPER SE. VERÐ: **4.980.000 KR.**

ALMENNT VERÐ: ~~5.190.000 KR.~~



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

*Hleðslustöð af gerðinni Wallbox Copper SB. Innifalið í uppsetningu: Varbúnaður í töflum, akstur, tilkynning til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS). Ekki innifalið: Jarðvegsvinna, breyting á rafmagnstöflu, umfram 10m lagnaefni eða uppsetning í fjölbylishúsi.

www.mini.is



Samkvæmt samantekt viðskiptagreiningar Deloitte á þróun húsnæðisverðs á milli maí og júní í ár er íbúðamarkaðurinn svo sannarlega ekki að hægja á sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fermetraverð á litlum íbúðum í borginni hefur aldrei verið hærra

ser@frettabladid.is

FASTEIGNIR Fermetraverð á litlum íbúðum á höfuðborgarsvæðinu braut 800 þúsund króna markið í síðasta mánuði í fyrsta skipti og stendur það nú í rúmlega 819 þúsundum króna. Hér er um íbúðir að ræða sem eru undir 80 fermetrum að stærð.

Samkvæmt því sem fram kemur í nýrri samantekt viðskiptagreiningar Deloitte á þróun húsnæðisverðs á milli maí og júní í ár er íbúðamarkaðurinn svo sannarlega ekki að hægja á sér.

Þar kemur fram að meðaltali hefur orðið 7,5 prósent hækkun á íbúðarverði á höfuðborgarsvæðinu á milli maí og júní, en meðalverð seldra íbúða er þar nú 70 milljónir króna.

„Maður hefði haldið að það væri að hægjast á spennunni á húsnæðismarkaði, en svo er alls ekki,“ segir Ýmir Örn Finnbogason, yfirmaður viðskiptagreiningar hjá Deloitte, „og sérstaka athygli vekur hvað litlu íbúðirnar eru að seljast við háu verði. Maður sárvorkennir unga fólkinu fyrir vikið,“ segir Ýmir Örn.

Þá er mikil fjölgun í sölu stærri íbúða á höfuðborgarsvæðinu, sem



Ýmir Örn Finnbogason, yfirmaður viðskiptagreiningar hjá Deloitte

eru yfir 120 fermetrum, en í júní síðastliðnum seldust ríflega 30 prósent fleiri íbúðir í þeim stærðarflokki en í maí.

Ýmir Örn segir alla vísa í þessum efnunum benda í sömu átt. „Kaupsamningum er að fjölga, en 4 prósent fleiri samningar voru gerðir í júní en í maí í vor,“ segir hann og metur það svo að vaxtahækkunir Seðlabankans séu greinilega ekki að bita, að minnsta kosti ekki enn um sinn.

„Þetta er orðinn mjög erfiður markaður fyrir fyrstu kaupendur með hækkun vaxta og litlu framboði sem ýtir verðinu svona mikið upp,“ bendir Ýmir Örn á og segir ástandið sjást best á því hvað verðhækkunir hafi verið miklar frá því á síðasta ári.

„Tólf mánaða hækkun íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu mælist nú 27 prósent,“ segir Ýmir Örn Finnbogason hjá Deloitte. ■



Kæra var ekki borin undir sveitarfélagið Hornafjörð, segir bæjarráð.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

Hornfirðingar endurgreiða ekki gjöld þrátt fyrir úrskurð innviðaráðuneytis

gar@frettabladid.is

SVEITARSTJÓRNIR Hornfirðingar segjast ekki ætla að una úrskurði innviðaráðuneytisins um að sveitarfélagið hafi ekki farið að lögum þegar lóðarhöfum einum við Haga-leiru var synjað um að fá gatnagerðargjöld felld niður.

„Sveitarfélagið fékk ekki upplýsingar um að kæra væri til umfjöllunar í ráðuneytinu og fékk ekki tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri,“ segir um málið í fundargerð bæjarráðs Hornafjarðar. Ráðuneytið hafi í tvisgang synjað sveitarfélaginu um endurpöntu.

„Engar skýringar eða leiðir eru til að rekja það að kæra lá fyrir í ráðuneytinu þar sem of langur tími var liðinn til að rekja tölvupósta,“ segir bæjarráðið. Eftir ítarlega skoðun og samráð við lögfræðing og Samband íslenskra sveitarfélaga ætli bæjarráð ekki að una úrskurði ráðuneytisins. Því verði lóðarhöfunum synjað um endurgreiðslu gatnagerðargjalda eins og áður hafi verið ákveðið. Upphæðin sem um er að tefla mun nema tæpum þremur milljónum króna.



Sveitarfélagið Hornafjörður viðurkennir ekki að framkvæmd þess hafi verið í trássi við jafnræðisreglu.

Bæjarráð Hornafjarðar

„Sveitarfélagið Hornafjörður viðurkennir ekki að framkvæmd þess hafi verið í trássi við jafnræðisreglu, enda séu sterk rök fyrir því að svo sé ekki,“ segir bæjarráðið. Ekki hafi verið um mismunun að ræða því þeir sem fengu frest á framkvæmdum hafa ekki verið að sækja um lóð eftir að reglur um tímabundinn afslátt af gatnagerðargjöldum runnu út. Úrskurður ráðuneytisins sé ekki bindandi fyrir sveitarfélagið, sem að auki telji að málsmeðferðin hafi verið haldin slíkum ágöllum að niðurstöðunni verði ekki unað. Sveitarfélagið eigi ríka hagsmuni í málinu. ■



Frá Martinický-höllinni í Prag þar sem leiðtogaskólinn fór fram.

FRÉTTABLAÐIÐ/NÍNA RICHTER

Íslenskt app fyrir þolendur ofbeldis slær í gegn í Prag

Stofnendur íslenska smáforritsins Lilja app voru meðal fyrirlesara á Evrópska kvenleiðtogaskólanum sem fram fór í Prag í síðustu viku. Stofnandi skólans fullyrta við þetta tilefni að fyrirlestur íslenska hópsins hefði verið sá mikilvægasti á viðburðinum.

ninarichter@frettabladid.is

NÝSKÖPUN Smáforritið Lilja app varð í þriðja sæti í nýsköpunarkeppninni Gullegginu í byrjun febrúar. Forritið sigraði síðan í Womens Innovators-hraðlinum sem fór fram í maí, á vegum Women Tech Iceland og Huawei.

„Við vorum í kjölfarið boðnar út til Prag og beðnar að halda erindi,“ segir Inga Henriksen, annar stofnenda og eigenda forritsins.

Inga og Árdís R. Einarsdóttir, eigendur Lilja app, þekkja heimilisofbeldi af eigin raun. Þær fluttu áhrifamikla tölu á tilfinningaþrunginni stund í Martinický-höllinni í Prag á föstudag, og uppskáru gríðarleg viðbrögð. Stofnandi sumarskólans sagði fyrirlesturinn vera mikilvægasta erindið sem flutt hefði verið alla vikuna.

„Appið er hugsað sem forvörn gegn kynferðisbrotum. Því er ætlað að gefa vissan fælingarmátt og létta á sönnunarbyrði í þeim málum, ásamt því að vera fyrir þolendur heimilisofbeldis. Ekkert sambærilegt er til í heiminum í dag.“

Inga segir grunninn að smáforritinu vera fyrirtækjalausnina sem við komi viðkvæmum málum innan fyrirtækja. „Fyrirtækjalausnin á að gera appinu kleift að vera öllum að kostnaðarlausu.“

Inga segir að í gærmorgun hafi farið fram fundur hjá tékkneskum tæknirisa sem hyggst innleiða smáforritið og þróa það að fullu. „Svipaðan áhuga er að finna víðs vegar að, svo að það verður spennandi að fylgjast með framhaldinu,“ segir Inga.

Evrópski kvenleiðtogaskólinn, á ensku Summer School for Female Leadership in the Digital Age, var haldinn í þriðja sinn frá stofnun og er fjármagnaður af Evrópska þjálfunarsjóðnum, ETF og kvenverska tæknirisanum Huawei. Þær fá 29 ungar konur á aldrinum 18 til 20 ára, ein frá hverju aðildarlandi Evrópusambandsins auk þátttakanda frá Úkraínu og annars frá Vestur-Balkanlandi, tækifæri til að sitja námskeið hjá leiðtogum á sviði alþjóðasamskipta, netöryggismála, stjórnmála og viðskipta.



Inga Henriksen og Árdís R. Einarsdóttir, stofnendur smáforritsins Lilju.

MYND/SKJÁSKÖT



Við þurfum að jafna tækifærin og þangað til það tekst er þörf á prógrammi á borð við þetta.



Berta Herrero, stofnandi Evrópska kvenleiðtogaskólans

Stofnandi og stjórnandi sumarskólans er Berta Herrero, forseti jafnrættis- og fjölbreytileikaneftar Evrópudeildar Huawei. Áður gegndi Berta stöðu yfirmanns almanna-tengsla hjá Huawei í Evrópu. Hún hefur auk þess gegnt stöðu aðstoðarmanns varaforseta Evrópuþingsins. Berta starfaði um árabíl sem blaðamaður hjá El Mundo í Madrid. Vardandi tilrög Leiðtogaskólans segir Berta að á menntaskóla-árunum hafi hana skort almennilega yfirsýn yfir þá möguleika sem henni stóðu til boða, og viðhorf til kvennastarfa hafi spilað þar hlutverk.

„Ég hafði ekki endilega yfirsýn yfir alla þá möguleika sem konur

hafa aðgang að. Að einhver eins og ég gæti orðið verkfræðingur, stjórnandi á sviði netöryggismála eða hvað sem er. Viðhorfið var ekki innstillt á það,“ segir hún.

„Það sem við reynum að gera hér í leiðtogaskólanum og ég reyni að gera persónulega í mínu starfi er að veita ungum konum yfirsýn yfir þann mikla fjölbreytileika í námi og atvinnu sem þeim stendur til boða. Þetta er ekkert endilega alltaf spurning um peninga,“ segir hún.

„Nemendur í leiðtogaskólanum sýna að allt er hægt. Við höfum frá upphafi fengið meira en 6.000 umsóknir. Áhuginn er þarna og metnaðurinn er þarna. Við þurfum að jafna tækifærin og þangað til það tekst er þörf á prógrammi á borð við þetta.“

Í leiðtogaskólanum er sterkur fókus á geðheilsu og fjögurra manna teymi sinnir þátttakendum eftir þörfum. Meðal fyrirlesara í Prag voru meðlimir Evrópuráðs og Evrópuþingsins, fulltrúar nýsköpunarráðs Evrópu og stafrænir leiðtogar hjá fremstu fjölmiðlasamsteypum heims. Þá voru fulltrúar netöryggisstofnana og Geimferðastofnunar Evrópu á mælendaskrá.

Ljóst er að rík þörf er á lausnum í þessum málaflokki og tölfræðin talar sínu máli. Samkvæmt gögnum frá WHO frá árinu 2013 eru 18 konur myrtar á dag í Evrópu og þar af eru 12 þeirra morða framin af einstaklingi sem er nátengdur fórnarlambinu. Það gera 6.570 morð á ári í Evrópu. Sé horft utan álfunnar eru tölurnar miklu hærri, eða 52.560 konur á ári. Þá verða 150 milljónir stúlkna fyrir nauðgun eða kynferðisofbeldi á hverju ári. ■

ÚTI FLÍSAR

FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

MIKIÐ
ÚRVAL
Á LAGER

VIÐHALDSFRÍAR - AUÐVELT AÐ LEGGJA - ENDINGARGÓÐAR



ALFABORG

- allt a gólfð -

Skútvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



Hluti Nordstream-gasleiðslunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Rússar skrúfa niður í gasinu

gar@frettabladid.is

RÚSSLAND Gasstreymi um Nord Stream-gasleiðsluna frá Rússlandi til Þýskalands verður minnkað verulega frá og með morgundeginum. Segir Bloomberg-fréttaveitan að aðeins verði veitt 33 milljón rúmmetrum af gasi um leiðsluna, sem er aðeins helmingur þess sem fer um hana í dag og einungis fimmtungur hámarks afkastagetu leiðslunnar.

Rússar skýra skerðinguna með því að slökkva þurfi á búnaði af tæknilegum ástæðum. Verð á gasi hækkaði um tíu prósent í Evrópu í gær í kjölfar þessara tíðinda. ■



Frans páfi hitti leiðtoga frumbyggja.

Bað frumbyggja afsökunar vegna ofbeldis kristinna

erlamaria@frettabladid.is

KANADA „Ég bið auðmjúklega um fyrirgefningu fyrir illskuna sem fjöldi kristinna beitti frumbyggja,“ sagði Frans páfi í ræðu í gær.

Páfinn er í Kanada og hitti í gær kanadíska stjórnálamann og leiðtoga frumbyggja.

Talið er að yfir 150 þúsund börn frumbyggja hafi sætt grófri líkamlegri misnotkun og líkamlegu og andlegu ofbeldi af hendi meðlima kaþólsku kirkjunnar á árunum 1831 til 1996. Þetta er í fyrsta skipti sem kaþólska kirkjan biðst formlega afsökunar vegna málsins.



150 þúsund börn kanadískra frumbyggja sættu grófri misnotkun og ofbeldi.

Á síðast ári fundust líkamsleifar 215 barna við einn af fjölmörgum heimavistarskólum fyrir börn af frumbyggjaættum.

Samkvæmt The New York Times voru börnin tekin með valdi frá fjölskyldum sínum og send í slíka skóla, þar sem þeim voru innrætt vestræn gildi í gegnum trúarbrögð. Bæði líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi átti sér stað í heimavistar skólunum, auk þess sem börnunum var gert að afneita menningu sinni og tungumáli.

Síðustu ár hafa frumbyggjar í Kanada fengið afsökunarbeiðni frá öðrum kristnum trúfélögum, en algjör þögn hafði ríkt þegar kom að kaþólsku kirkjunni. Þar til nú.

Frans páfi sagði að það að biðjast fyrirgefningar væri þó ekki mála-lyktir. Hann kallar eftir rannsókn á skólunum og fleiri úrræðum til að hjálpa nemendum sem enn eru á lífi og afkomendum þeirra. ■

Þýskaland rambar nú á barmi efnahagslæggðar

olafur@frettabladid.is

ÞÝSKALAND Væntingar stjórnenda þýskra fyrirtækja til efnahagsástands eru neikvæðari nú en þær hafa verið undanfarin tvö ár. Margt bendir til að stærsta hagkerfi í Evrópu sé á barmi efnahagslæggðar.

Væntingarvísitala Ifo-stofnunarinnar féll úr 92,2 í 88,6 milli mánaða, mun meira en hagfræðingar höfðu búist við.

Þýskaland hefur orðið harkalega fyrir barðinu á verðhækkunum á olíu og gasi sem stafa af innrás

Rússlands í Úkraínu og afleiðingum þvingunaraðgerða Vesturlanda gegn Rússum í kjölfarið.

Á föstudag verða birtar tölur um landsframleiðslu á öðrum ársfjórðungi og í könnun Reuters meðal hagfræðinga segir að þeir búist við að vöxturinn mælist aðeins 0,1 prósent á fjórðungnum. Á fyrsta ársfjórðungi óx landsframleiðsla um 0,2 prósent eftir 0,3 prósent samdrátt á fjórða ársfjórðungi í fyrra.

Að sögn Clemens Fuest, forstjóra Ifo, er mikil svartsýni nú ríkjandi meðal stjórnenda þýskra iðn-



Flest bendir nú til þess að Þýskaland stefni í efnahagslæggð í vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

fyrirtækja og einnig er svartsýni orðin ráðandi meðal stjórnenda þjónustufyrirtækja, ekki síst smásölnunnar, og meðal byggingarfyrirtækja. Útlitið sé ekki einu sinni bjart í ferða- og hótélgeiranum. „Allir gearar atvinnulífsins eru svartsýnir.“

Útlitið er lítið betra í Frakklandi og því virðist sem tvö stærstu hagkerfi álfunnar stefni nú hraðbyri í efnahagslæggð. Þetta gæti gerst síðar á þessu ári eða um áramót, en það er skilgreint sem efnahagslæggð þegar efnahagssamdráttur er tvo ársfjórðunga í röð. ■

Hunangsdögg úr blaðlúsum þekur fiður fuglanna í Flatey á Breiðafirði

Svo mikið er af blaðlús í þurru og sólríku veðri í Flatey á Breiðafirði að sykurríkur skíturinn úr þeim sest í fiður fuglsins á staðnum, en það virðist vera sársjaldgæft fyrirbæri í heiminum.

ser@frettabladid.is

LÍFRÍKI Óvenjumargir fuglar í Flatey á Breiðafirði hafa fundist þaktir hunangsdögg í sumar, ýmist í öllu fiðrinu eða að hluta, en félagarnir Sverrir Thorsteinsson og Ævar Petersen, sem báðir hafa stundað merkingar og rannsóknir á fuglum um áratugaskeið, rita grein um þetta fyrirbrigði í nýjasta hefti Náttúrufræðingsins sem var að koma út.

„Ég er búinn að koma hingað út í Flatey til að skoða fuglalíf í hálföld,“ segir Ævar, „og Sverrir líklega í um fjörutíu ár, svo við þekkjum ágætlega til lífríkisins hér um slóðir,“ bætir hann við og kveður þá vera að pakka saman í sumar eftir tíu daga úthald.

„Við höfum tekið eftir því að þetta gerist einkanlega í óvanalega þurrum sumrum, svo sem í ár, en langvarandi þurrkatíð var í Flatey upp úr miðjum júní með sólskini, miklum hlýindum og stilltu veðri,“ útskýrir Ævar, sem er löngu orðinn hokinn af fuglafræðum sínum, en riflega fjörutíu ár eru frá því hann lauk doktorsprófi í greininni frá Oxford á Englandi.

Hann segir hunangsdöggina vera úrgang sem komi frá blaðlúsum, en býsnið öll sé að finna af þeim í mýrlendinu í Flatey þar sem mikið fuglalíf er fyrir. „Þetta er skíturinn úr lúsinni – og hann er alveg einstaklega sykurríkur, svo hann hreinlega límist á fuglana allt um kring,“ bætir fuglafræðingurinn við sem sjálfur hefur óhreinkast af þessu klístri við endurteknar rannsóknir sínar á fuglum í Flatey og hreiðrum þeirra.

„Þetta sest misjafnlega á fuglana,“ heldur Ævar áfram, „en við höfum haft sérstakar áhyggjur af þeim fuglum sem hafa verið alþaktir hunangsdögginni,“ bætir hann við og nefnir til sögunnar hrossagauk einn sem þeir fundu illa leikinn af þessu klístri sumarið 2010.

„Við fundum hann á hreiðri og bæði hann og hreiðrið var útatað klístri. Fyrir vikið töldum við nokkuð víst að fuglinn myndi drepast svona á sig kominn, en okkur til mikillar undrunar fannst hann árið eftir á hreiðri og sömuleiðis sumarið þar á eftir,“ segir Ævar, en þar af leiðandi hafi verið ljóst að fuglinn hafi náð að losa sig við klístrið og lifað ósköpin af.

Þeir hafi þó fundið nokkra dauða fugla, alþakta hunangsdögg, en ekki megi þó slá því föstu að þeir hafi drepist af klístrinu. Raunar vanti frekari rannsóknir á þessu fyrir-



Fullorðinn hrossagaukur í Flatey á Breiðafirði, allur klístraður af hunangsdögg.

MYND/
KANE BRIDES

Flatey á Breiðafirði. Ævar Petersen hefur rannsakað fuglalíf þar í hálföld.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fimmtíu tegundir til af blaðlúsum

Blaðlús eru smávaxin skordýr, nokkrir millimetrar á lengd eða minni. Algengustu litir þeirra eru grænn, rauður og brúnn. Lífsferill blaðlúsa er nokkuð breytilegur eftir þeim fimmtíu tegundum sem fundist hafa af þeim hér á landi. Einfalt fyrirkomulag er þannig að vængjalaus kvendýr klekjast úr eggjum að vori. Þau eiga síðan afkvæmi án frjövungnar yfir sumarið með svokallaðri meyfæðingu, en síðan verpa kvendýrin eggjum sem liggja í dvala næsta vetur fram á vor.



Séð ofan á fullorðinn hrossagauk sem var tekinn á hreiðri í Flatey, allur klístraður af skítum úr blaðlúsum.



Þetta er skíturinn úr lúsinni – og hann er alveg einstaklega sykurríkur, svo hann hreinlega límist á fuglana allt um kring.



Ævar Petersen, fuglafræðingur

brigði, en við leit Ævars og Sverris að erlendum heimildum um það fundu þeir aðeins eina litla grein sem greindi frá spörfuglum í Þýskalandi sem voru klístraðir á baki og vængjum af völdum lúsaskitsins.

„En miðað við hve lítið hefur verið skrifað um klístur á fuglum af völdum þessa úrgangs úr blaðlúsum virðist það sársjaldgæft fyrirbrigði í heiminum,“ segir fuglafræðingurinn kunnir, sem lætur ekki deigan síga í rannsóknnum sínum þótt áratugur sé liðinn frá því hann fór á eftirlaun. Áhuginn á faginu sé fráleitt að fjara út.

„Ég nenni ekki að sitja á stól og bora í nefið, maður minn,“ segir Ævar Petersen að lokum og býst til brottfarar úr Flatey þar sem hann hefur verið, svo sem fyrr segir, á hverju sumri í hálföld. ■

PAINTBALL – RATLEIKUR – BREKKUSÖNGUR
SÁPUBOLI – HLJÓMSVEITIR – HÖPPUKASTALAR
HÆFILEIKAKEPPNI – SKEMMTIATRÍÐI – JÓGA – SJÁLFSVINNA
LISTASMÍÐJA – VÖFFLUSTEMMNING – DJ – SAMEIGINLEGT GRILL

SKÓGUM

22

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ
UM VERSLUNARMANNAHELGINA

Á Skógum er öll aðstaða og umhverfi eins og best er á kosið.

Skemmtiatriði föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld.
Meðal þeirra sem koma fram eru:

**EYJÓLEUR KRISTJÁNSSON – BIRGIR HÁKON
VALBÖRG ÓLAES – ÁSDÍS OLSEN MEÐ JÓGA – RÚNAR ÞÖR
OG HLJÓMSVEITIN TRAP – ÁSAMT UNGUM OG UPPRENNANDI FLYTJENDUM**

**SKEMMTUM OKKUR SAMAN ÁN ÁFENGIS
OG VÍMUEFNA Á SKÓGUM '22**

MIÐASALA Á TIX.IS



Fílar og postulín



Elin Hirst
elinhirst
@frettabladid.is

Fyrstu myndirnar frá James Webb-geimsjónaukanum eru stórkostleg sjón og hafa ratað á forsíður allra helstu fjölmiðla í heimi. Aldrei fyrr hafa menn fengið að skyggast svo langt út í hinn ægistóra geim og sjá ævintýralega hluti eins og stjörnur í fæðingu, stjörnur í andarslitrunum og fjarlægir vetrarbrautir. Geimsjónaukinn hefur einnig fundið elstu stjörnuþoku sem menn hafa nokkru sinni augum barið, Glass-z13, sem er í 13,5 milljarða ljósára fjarlægð frá Jörðinni.

Fyrir rúmum tuttugu árum fengum við að kynna öðrum óþekktum heimi hér á Jörðinni, inni í mannlíkamanum, þegar vísindamönnum tókst að raðgreina erfðamengi mannsins í fyrsta sinn. Hulunni var svipt af örsmáum veruleika sem er að finna inni í hverri einustu frumu okkar. Fræg eru ummæli stjörnufræðingsins Carl Sagan: „Alheimurinn er innra með okkur. Við erum gerð úr stjörnu efni. Við erum leið fyrir alheiminn til að þekkja sjálfan sig.“

En staðan er samt sú að maðurinn flýtur sofandi að feigðarósi. Vegna endalauss útblásturs gróðurhúsalofttegunda er andrúmsloft Jarðar að hlýna hættulega mikið, eins og fólk víða um Evrópu hefur fundið á eigin skinni í hitabylgjunum sem þar hafa gengið yfir síðustu daga. Í kjölfarið fylgja þurrkar og gróðureldar. Þetta er bara ein birtingarmynd þess sem er að gerast.

Andrúmsloft Jarðar er bara örþunn himna, en gerir lífið í núverandi mynd mögulegt. Litlu má skeika. Segja má að náttúran hafi sýnt ótrúlegt þolgæði miðað við allt okkar brambolt frá iðnbýltingu. En nú hriktir í.

Myndirnar frá James Webb sýna okkur enn og aftur svo ekki verður um villst að mannkynið hafi fengið úthlutað einstökum stað í alheiminum sem er ríkulega búinn auðlindum. Stjörnufræðingurinn Carl Sagan lýsti Jörðinni sem dýrmætum skartgripi í himingeimnum; einstakri ljósblárru perlu. En samt vaða uppi alls konar illmenni, stríðsherrar, valdasjúkir skaðræðisgripir, óseðjandi peningamenn; fólk sem skaðar samfélagið, lífríkið og náttúruna, ef til vill bara til að græða eða skemmta sér. Eins og fílar í postulínsbúð. Tekið skal fram að þessi lýsing á aðeins við lítinn hóp, meginþorri mannkyns er gott fólk sem vill láta gott af sér leiða og kann að meta þær gjafir sem náttúran færir.

Loftslagsmál eru hvorki hægri né vinstri stjörnmál. Þau eru öll mál – og varða hagsmuni allra jarðarbúa. Vonandi mun sú þekking sem geimsjónaukinn færir auka skilning okkar á alheiminum, okkur sjálfum og hvert ferðinni er heitið. Stöðvað okkur á óheillabrautinni. ■

Loftslagsmál eru hvorki hægri né vinstri stjörnmál. Þau eru öll mál – og varða hagsmuni allra jarðarbúa.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Kontóristar

Alveg er það eitthvað svo einstaklega íslenskt að kontóristum fjölgi miklu hraðar á æðsta spítala landsmanna en starfsfólkinu á gólfinu sem er að sinna sjúklingunum. Læknar og hjúkrunarfræðingar ásamt öðru fagfólki á deildum spítalans hafa bent á þessa þróun í alllangan tíma án þess að nokkuð hafi verið gert í málinu – og það er auðvitað að vonum að þeir hnykli sveittar brýnnar, enda margir komnir á fremsta hlunn með að segja upp störfum sakir óheyrilegs álags í manneklunni á staðnum. Og hvernig bregst yfirstjórn spítalans við því? Jú, með því að fjölga blýantsnögurum.

Skrattakollar

Meðal deilda spítalans sem hafa fengið innspýtingu á undanliðnum árum er upplýsingadeildin, sem eðli málsins samkvæmt er ekki mikið að sinna því mikilvægasta sem þessi virðulega heilbrigðisstofnun er alla jafna að gera, að lækna og líkna fólki alls staðar að af landinu. En það er raunar líka hrein spurning hvort hún er að sinna því starfi sem hún á að vera að vinna að, nefnilega að upplýsa þjóðina um starfsemi spítalans, en frægt er þegar yfirmaður upplýsingasviðsins galt sérlegan varhug við því að fagfólk Landspítalans svaraði fyrirspurnum „skrattakollanna“ á fjölmiðlum landsins. ■

Kapphlaupið um vindorkuna



Þórunn Sveinbjarnardóttir
þingkona Samfylkingarinnar
– jafnaðarmannaflokks Íslands

Kapphlaup um virkjun vindsins er hafið á Íslandi. Hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar liggja rúmlega þrjátíu hugmyndir um vindorkukosti víðs vegar um land. Á þessari stundu er óljóst hversu margir þeirra hljóta afgreiðslu eftir skoðun en það er nokkuð ljóst að vindmyllur verða hluti af orkulandslaginu á þessari öld.

Afgreiðsla þriðja áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða á Alþingi í sumar markaði tímamót að því leyti að þar var samþykkt að setja tvo vindorkukosti í nýtingarflokk: Blöndulund (100 MW) og Búrfellslund (120 MW). Þar er mikilvægt skref stigið í átt til þess að nýta fleiri náttúruauðlindir til raforkuframleiðslu hér á landi en vatnsafl og jarðvarma. En það sama gildir um virkjun vindorku og virkjun jarðvarma og vatnsafls. Það er ekki sama hvernig það er gert og heldur ekki hvar. Um það vitna viðbrögð fólks á Vesturlandi, t.d., við virkjanahugmyndum þar. Hér þarf að vanda til verka, því að öflun raforku með vindorku er hvorki óumdeild né án vandkvæða.

Samfylkingin telur miklu skipta að vindorkukostirnir tveir í nýtingarflokki séu á hendi Landsvirkjunar vegna þess að fyrirtækið er í ríkiseigu og greiðir arð af starfsemi sinni í ríkissjóð. Það er lykilatriði í þessu tilliti að fólkið í landinu njóti ávaxtanna af slíkri orkuvinnslu og því eðlilegt að fyrirtæki í ríkiseigu fari fremst í virkjun vindorku. Einnig liggur fyrir að samspil vatnsafls og vinds getur gert raforkuframleiðslu hagkvæmari og bætt afhendingaröryggi.

Samkvæmt hugmyndunum í 4. áfanga rammaáætlunar biða einkaaðilar í röðum eftir því að geta virkjað íslenska rokið. Við það er í sjálfu sér ekkert að athuga en staðan setur stjörnmálunum skýrt og afar mikilvægt verkefni; að marka lagaumgjörð um orkuöflun einkaaðila með þeim hætti að auðlindarentan renni í sameiginlega sjóði en ekki í privatvasa. Þetta er forgangsmál sem jafnaðarmannaflokkur Íslands mun beita sér fyrir á Alþingi í vetur. ■

Öflun vindorku er hvorki óumdeild né án vandkvæða.

Sjálfvirkur opunarbúnaður og snertilausir rofar frá **GEZE** Þýsk gæðavara.

JARN&GLER
Skútvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

Reikningar, raunveruleiki og óskekikulir endurskoðendur



Þórolfur Matthíasson
hagfræðiprófessor
við Háskóla Íslands

Í grein í Fréttablaðinu 15.7. 2022 benti ég á þá staðreynd að miklu skeikar á niðurstöðum ársreiknings Vísis hf. annars vegar og söluverðmætis fyrirtækisins hins vegar. Jafnframt leiddi ég líkum að því að þessi skekkja hafi orðið til vegna þess að fyrirtækið hafi fengið verulegan afslátt af veiðigjöldum (les: styrk úr ríkissjóði) árið 2013. Afsláttur sem það hefði ekki fengið hefði verið meira samræmi milli raunveruleikans og þeirrar myndar sem dregin er upp af afkomu og stöðu félagsins í ársreikningi.

Lögum samkvæmt eru reikningararnir endurskoðaðir. Endurskoðendurnir gefa plagginu eftirfarandi heilbrigðisvottorð:

„Samkvæmt efnahagsreikningi var eigið fé félagsins neikvætt um EUR 12,8 milljónir og tap ársins nam EUR 1,07 milljónum.... Stjórnendur félagsins telja að rekstur félagsins standi undir skuldbindingum þess og það sé því rekstrarhæft.“

Annar tveggja endurskoðenda Vísis hf. les mér síðan pistilinn í Fréttablaðinu 21.7. 2022. Í fyrsta lagi sé laga- og regluumhverfi ársreikningagerðar og endurskoðunar svo traust að það sé ekki á færi hagfræðiprófessora að bera brögður þar á. Í öðru lagi sé munurinn á söluverði fyrirtækisins Vísir hf. annars vegar og verðmætis eiginfjár þess hins vegar tilkominn fyrir þá sök að óheimilt sé að færa verðmæti óefnislegra réttinda (e. Intangible assets) til bókar. Í þriðja lagi telur hann að greiðsla valkvæðra skattastyrkja úr ríkissjóði á borð við afslátt af veiðigjöldum á grundvelli gallaðrar mælingar á afkomu sé fullkomlega eðlileg.

Ellilífeyrisþegar og útgerðir

Afgreiðum síðasta atriðið fyrst. Fáir ellilífeyrisþegar ofgreiddan lífeyri á grundvelli skakkra upplýsinga er umsvifalaust gerð krafa um endurgreiðslu. Ríkissjóður telur sér óheimilt að láta fyrri ákvörðun standa sé hægt að rökstyðja lækkan framlags. Í tilfelli lækkanar veiðigjaldsgreiðslu Vísis var ákvörðun byggð á göllum upplýsingum. Gallann þekkja allir sem reynt hafa að lesa ársreikning útgerðarfyrirtækis. Sjávarútvegssráðuneytið hefur öll gögn í höndum sem nauðsynleg eru til að leiðrétta niðurstöðu ársreiknings þannig að hún endurspeglir raunveruleikann. Því skyldi stöndugt sjávarútvegsfyrirtæki hafa aðra stöðu gagnvart ríkissjóði sem styrkveitanda en ellilífeyrisþeginn? Jafnræðisreglan gefur skýra vísbendingu um að endurskoðandinn þurfi að endurskoða afstöðu sína hvað þetta atriði varðar.

Eins og í útlöndum?

Víkjum þá að hinni traustu umgjörð ársreiknings- og endurskoðunar. Endurskoðandinn segir:

„Um endurskoðun og endurskoðendur gilda strangar reglur og kröfur auk gæðaeftirlits. Þá visast einnig til lögmætra vinnupappíra sem við þurfum að útbúa til að sanna ágæti vinnubragða okkar.“

Endurskoðandinn segir það enn styrkja umgjörðina að reglurnar hér séu sambærilegar eða eins og best gerist erlendis. Það er því ekki úr vegi að skoða hvern dóm endur-



Þessir einstaklingar hafa skapað þá venju að hunska skýr fyrirmæli í 5. gr. ársreikningslaganna og hanga eins og hundar á roði á þröngri túlkun á ákvæðum 26. greinar bókhaldslaganna.

skoðun og endurskoðendur fá t.d. í Englandi. Financial Reporting Council í Bretlandi skoðaði verk þarlandra endurskoðenda og sögðu verulegra úrbóta þörf í 25-50% tilfella þar í landi. Upp úr aldamótum lagði eitt hinna fimm stóru alþjóðlegu endurskoðunarfyrirtækja upp laupana í kjölfar aðkomu sinnar að Enron skandalnum.

Endurskoðendur gamla Landsbankans (PwC) greiddu á annan milljarð króna til að komast hjá málsókn vegna uppáskriftar á ranga ársreikninga í aðdraganda hrunsins. Þögn átti að ríkja um þann gjörning. Endurskoðendum bankanna sem féllu 2008 yfirsást, viljandi eða óviljandi, umfangsmikil „skapandi reikningsskil“ sem blésu eigin fé bankanna upp um 300 milljarða króna. Því er haldið fram í mín eyru að þessi „yfirsjón“ hafi seinkað falli bankanna umtalsvert með tilheyrandi kostnaði fyrir íslenskt samfélag.

Endurskoðunarfyrirtæki eiga það líka til að blanda saman endurskoðun og ráðgjöf. Þetta tvennt fer illa saman og itrekað hafa fjármálaeftirlit krafist aðskilnaðar slíkrar starfsemi. Hér á landi hafa endurskoðunarfyrirtæki jafnvel blandað sér í umræðu um fyrirkomulag gjaldtöku hins opinbera af nýtingu auðlinda í almannaeigu og fremur komið fram sem almannatengla-fyrirtæki en sem óháðir og hlutlausir sérfræðingar. Spurning hvort það fari saman að sinna almannatengslum annars vegar og endurskoðun ársreikninga hins vegar.

Erfitt er að fallast á það með endurskoðandanum að lög og reglugerðir annars vegar og gæðaeftirlit endurskoðenda hins vegar tryggi hágæða niðurstöður! Þvert á móti virðist fullkomlega réttmætt að skoða verk og áritanir endurskoðenda með gagnrýnu hugarfari, sérstaklega þegar stór fyrirtæki sem greiða háar þóknarir eiga í hlut.

Grundvallarregla sniðgengin

Þá að síðustu athugasemdinni. Í 5. gr. ársreikningslaga (l.nr.3/2006) er kveðið á um að ársreikningur skuli gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á haldbæru fé. Í 2. málsgrein sömu greinar er þetta undirstrikað með því krefjast þess að ef ákvæði laganna dugi ekki til að draga fram hina glöggu mynd skuli víkið frá ákvæðum laganna og skal þá upplýst um frávikin. Þetta er áréttað í 23. gr. bókhaldslaga (l.nr. 144/1994) en þar er kveðið á um að efnahags- og rekstrarreikningur skuli á kerfisbundinn hátt tilgreina eignir, skuldir og eigið fé hlutadeigandi auk heildartekna og heildargjalda.

Endurskoðandi Vísis hf. vísar til 26. gr bókhaldslaga, en ákvæði þeirrar greinar geta rekist á grundvallarreglu þá sem gefin er í 5. gr. ársreikningslaganna. Þetta á m.a. við regluna um færslu á óefnislegum réttindum, en aflaheimildir falla í þann flokk, einnig viðskiptavild, einkaleyfi og verðmæti vörumarkaðs. Aflaheimildir eru verðmætustu „eignir“ útgerðarfyrirtækja. M.v. að varanlegur kvóti sé seldur á 4.000 krónur þorskígildið er verðmæti kvóta sem Vísir ráðstafar milli 50 og 60 milljarðar króna, en ekki um 14 milljarðar króna eins og bókfært er í ársreikningi, dágleg dulin „eign“ þar á ferðinni.

Örfáir einstaklingar bera ábyrgð á endurskoðun reikninga íslenskra útgerðarfyrirtækja. Þessir einstaklingar hafa skapað þá venju að hunska skýr fyrirmæli í 5. gr. ársreikningslaganna og hanga eins og hundar á roði á þröngri túlkun á ákvæðum 26. greinar bókhaldslaganna. Samkvæmt 5. gr. ársreikningslaganna er endurskoðendum og stjórnendum fyrirtækja beinlínis skylt að gera grein fyrir áhrifum þess á efnahagsreikninginn að meðhöndla óefnisleg réttindi með sama hætti og aðrar eignir fyrirtækisins. Það má gera í athugasemdum þannig að þjálfaður lesandi (og veitendur skattastyrkja frá hinu opinbera) geti með einföldum hætti áttað sig á líklegu raunverulegu verðmæti fyrirtækisins. En slíkt verklag fellur ekki undir íslenska endurskoðunarhætti eins og fyrr segir! Ég skal ekki ganga svo langt að fullyrða að um lögbrot sé að ræða, en get ekki séð betur en að gengið sé með skýrum hætti gegn inntaki og grunnhugsun ársreikningslaganna. Það getur ekki talist gott veganesti í endurskoðun!

Endurskoðandinn lætur sér sæma að hafa niðurlægiandi orð um mig og mín skrif. Lesandi verður að meta hversu marktækar slíkar glósur eru. Sjálfur tel ég þær líka marktækar og niðurstöðutölur efnahagsreikningsins sem hér hefur verið til umfjöllunar. ■

TAX FREE


AF ÖLLUM VÖRUM*

LÝKUR Á FIMMTUDAG



{ EKKI MISSA AF ÞESSU }
REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

*Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir á öllum vörum. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.



Fáðu fréttirnar fyrst um tilboð, afsláttarkóða eða aðgang að útsölum á undan öðrum með því að skrá þig á póstlista Dorma.

Holtagördum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn rætast

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING
á Hringbraut





Á síðasta ári voru fimm íslenskir leikmenn sem léku í bestu deildum Evrópu en í ár stefnir í að það verði aðeins einn.



Þórir Jóhann Helgason er eini íslenski leikmaðurinn sem verður í stóru hlutverki í fimm stærstu deildum í Evrópu á þessu tímabili.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

Íslendingar ekki áberandi á stærsta sviðinu

Að öllu óbreyttu mun aðeins einn íslenskur leikmaður spila í fimm bestu deildum Evrópu á komandi tímabili. Er þetta nokkur breyting frá síðustu árum þar sem Ísland hefur átt fjölda leikmanna í þessum deildum og það hefur haldist í hendur við góðan árangur íslenska landsliðsins.

hodd@frettabladid.is

FÓTBOLTI Frá síðustu leiktíð eru Jóhann Berg Guðmundsson, Alfreð Finnbogason, Albert Guðmundsson og Arnór Sigurðsson allir farnir úr þessum fimm bestu deildum Evrópu en Þórir Jóhann Helgason, leikmaður Lecce á Ítalíu, er kominn upp

í efstu deild þar í landi. Þegar talað er um fimm bestu deildir í Evrópu er átt við England, Þýskaland, Ítalíu, Spán og Frakkland. Rúnar Alex Rúnarsson er leikmaður Arsenal á Englandi en allar líkur eru á því að hann fari á lán eða verði í litlu sem engu hlutverki. Mikael Egill Ellertsson er leikmaður Spezia á Ítalíu en er langt frá því að fá tækifæri í aðalliði félagsins.

„Við vitum að það helst í hendur þegar leikmaður er kominn á sinn besta stað á sínum ferli að þá spilar hann iðulega í sterkari deild, það er yfirleitt ekki þegar menn eru mjög ungir og þegar leikmenn fara svo að eldast taka þeir gjarnan skrefið til baka,“ segir Arnar Þór Viðarsson, landsliðsþjálfari og yfirmaður



Arnar Þór Viðarsson, landsliðsþjálfari Íslands, er nokkuð bjartsýnn á að nokkrir leikmenn muni á næstu árum stíga skrefið inn í sterkustu deildirnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

menn þurfa tíma til að aðlagast nýjum aðstæðum á meðan aðrir mæta á svæðið og taka stór skref nokkuð auðveldlega. Þórir er einn af þeim, hann kom inn í U21-liðið og var ekkert alltaf í byrjunarliðinu til að byrja með en festi sig í sessi. Hann tekur skrefið frá FH í næstefstu deild á Ítalíu og stendur sig vel. Hann vinnur sig inn í A-landsliðið og á síðasta ári hefur hann spilað stórt hlutverk. Hann tekur þessi skref nokkuð auðveldlega. Hákon Arnar og Ísak eru að gera það sama í Danmörku, Elías Rafn markvörður er í Danmörku líka. Svo er hægt að færa þetta dæmi yfir á kvennalandsliðið, Karólína Lea sem var að taka þátt í sínu fyrsta Evrópumóti tekur það með trompi.“

Nokkrir í stórum klúbbum

Arnar Þór segir að þrátt fyrir að Ísland eigi ekki marga leikmenn í bestu deildunum séu margir leikmenn á góðum stað.

„Við eigum Rúnar Alex, sem er í risastórum klúbbi, Mikael Egill er á góðum stað. Svo er annað sem við getum ekki skautað fram hjá, það er líka gott að vera í aðeins minni deild og vera í mjög stórum klúbbi. Sverrir er hjá PAOK í Grikklandi sem er mjög stór klúbbur, Hörður Björgvin hjá Panathinaikos, sem er mjög stór klúbbur. FCK og Midtjylland eru stórir klúbbar í Danmörku. Það er líka stórt að vera í svona félögum og taka þátt í Evrópukeppnum.“

Íslenska landsliðið kemur aftur saman í september og vonast Arnar Þór eftir því að leikmenn liðsins verði á góðum stað þá. „Við tókum okkur fri eftir júníglugganum sem var langur og strangur. Núna erum við komnir á fullt að skoða leikmennina okkar, belgíska deildin fór af stað um helgina sem dæmi og þessar deildir eru að rulla af stað. Við erum spenntir því að mínu mati eru allir okkar leikmenn komnir á góðan stað, Jón Dagur fékk flottan klúbb í Belgíu, Andri Fannar fór til Hollands og svo fóru Arnór Sigurðsson og Andri Lucas til Svíþjóðar. Það eru mjög fáir sem maður getur nefnt sem eru í vandræðum hjá sínu félagi. Við erum að fylgjast með því hvernig menn koma til leiks eftir undirbúningstímabilið. Svo vonandi förum við í úrslitaleik í Þjóðadeildinni í haust með liðið á góðum stað.“ ■

knattspyrnumála hjá KSÍ, um stöðuna. Íslenska landsliðið í dag er með marga unga leikmenn sem gætu á næstu árum tekið skrefið í þessar sterkari deildir.

Skriptir máli fyrir Ísland

Eftir því sem fleiri leikmenn spila í þessum deildum er ljóst að karlalandsliðið verður betra en miklar breytingar hafa orðið á hópi liðsins síðustu 18 mánuðina. „Það er ekkert leyndarmál, það er samasemmerki á milli þess að því fleiri leikmenn sem Ísland á í fimm sterkustu deildunum að þeim mun betra verður landsliðið okkar. Leikmenn í þessum deildum spila á hærra tempói og eru í besta fótbolthanum í Evrópu, sem er besti fótbolti í heimi. Við sem þjálfarateymi sjáum alveg mun á því þegar við skoðum marga af okkar andstæðingum, ég get nefnt Norður-Makedóníu, Rúmeníu, Albaníu og Finnland sem dæmi. Það eru lið sem eru ekki með stærstu stjórnur fótbolts en eru með marga leikmenn í þessum topp fimm deildum og það hjálpar.“

Þrátt fyrir að útlitið kunni að vera svart þessa stundina er Arnar vongóður um að á næstu árum stígi ungir og efnilegir leikmenn Íslands skrefið í þessar bestu deildir. „Við viljum auðvitað hafa sem flesta í þessum deildum og ég hef reyndar fulla trú á því að það muni breytast mjög fljótt. Við eigum marga mjög efnilega leikmenn sem hafa burði til þess að stíga skrefið í þessar deildir á næstu árum. Andri Lucas



Það er samasemmerki á milli þess að því fleiri leikmenn sem Ísland á í fimm sterkustu deildunum að þeim mun betra verður landsliðið okkar.

er að koma sér á mjög góðan stað í Svíþjóð, þar fær hann að spila og getur þróað sig sem leikmaður. Hákon Arnar og Ísak Bergmann eru á frábærum stað í Kaupmannahöfn. Markverðirnir okkar eru á mjög góðum stað, þessir leikmenn eru á stað til að sýna sig og sanna að þeir geti tekið skrefið í sterkari deildir. Þetta er ekki ólíkt því sem við sáum með Alfreð Finnbogason, Jóhann Berg og Sverri Inga sem voru að spila í Belgíu og Hollandi á þessum aldri og tóku svo skrefið áfram.“

Þórir fljóttur að aðlagast

Þórir Jóhann var fyrir rúmu ári síðan leikmaður FH í efstu deild á Íslandi, síðan þá hefur hann komið sér inn í liðið hjá Lecce og er algjör lykilmáður í íslenska landsliðinu. Þórir hefur verið jafnbesti leikmaður liðsins undanfarið ár. „Þórir er einn af þeim sem er ómögulegt að segja hvað gera. Þú sérð hæfileika í leikmönnum en sumir leik-

ILVA

GO CRAZY

21. - 26. JÚLÍ

SPARAÐU 25%

AF ÖLLUM VÖRUM*

*20% afsláttur af sérpöntunum

KAUPTÚN 1, GARÐABÆR | NORÐURTORG, AKUREYRI | ILVA.IS

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 26. júlí 2022



lifestream
POWERFUL NUTRITION FROM PLANTS

ALOE VERA
MELTING & BÓLGUR

85% VIRKT CURCUMIN

BIOGENIC[®] ALOE VERA WITH TURMERIC
Soothing Digestive Tonic

www.celsus.is

BÄSTA I TEST
Bäst-i-Test 2022



Fæst í Apóteikum, Hagkaup, Frihöfninni og víðar | nánar á evy.is og celsus.is

lifestream
POWERFUL NUTRITION FROM PLANTS

AUKAKÍLÓIN BURT

CERTIFIED ORGANIC CC FLAX
Bone, skin and digestive health

FOR WOMEN CALCIUM CANNABERRY FLAXSEED POWDER 200g NET

www.celsus.is



Dísa sankað að sér efniviði hvaðanæva, mest fær hún frá veiðimönnum og bændum. Hún nýtir það sem annars yrði fargað og býr til skraut og skartgrip. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hreinsar hauskúpur og býr til skart úr rottufótum og tönnum

Dísa er ein af þeim sem hella sér af fullum krafti út í áhugamálin þegar þau dúkka upp og fyrir tæplega þremur árum byrjaði hún að hreinsa höfuðkúpur og selja sem listmuni undir nafninu Beinverk. Hún hefur einnig stoppað upp fugla og búið til skart úr rottum. **2**



Jóhanna María
Einarsdóttir
jme
@frettabladid.is

„Það eru samt örugglega hátt í 20 ár síðan ég gerði mitt fyrsta beinverk. Þá fór ég í dýrabúð og keypti snákafóður, það er, frosnar mýs, hreinsaði utan af nokkrum þeirra og bjó til eyrnalokka úr músahöfuðkúpunum. Þetta var á sama tíma og ég bjó á Akureyri. Á þeim tíma var lítil dýrabúð þaðan sem ég fékk gefins dýr ef þau dóu í búðinni. Ég fékk til dæmis páfagauk, mýs og fleira. Ég á enn höfuðkúpuna af páfagauknum.“

Það var svo fyrir tæplega þremur árum sem ég hellti mér almennilega út í þetta áhugamál. Fyrst vann ég undir nafninu Skrapari Heimis og Njarðar, en það var ekkert ofsalega þjálft. Kærastinn minn kom þá með hugmyndina að nafninu Beinverk, sem ég nota enn. Þetta er náttúrlega orðagrín líka, enda er Laddinn ríkur í mér,“ segir Dísá og hlær.

Efni úr öllum áttum

Dísá sankar að sér efniviði hvaðanæva. „Ég fæ þetta mest frá veiðimönnum og bændum. Ég á líka vinkonu sem er fjárbóndi fyrir austan og hef fengið kind- og hrúthöfuð þaðan. Svo fæ ég hests-höfuð líka frá bændum. Einnig kaupir ég stundum geitahausa frá geitafjársetrinu á Háafelli. Refahausa og minka fæ ég hins vegar frá ýmsum veiðimönnum og refaskyttum. Annars er allt sem ég fæ til að verka eitthvað sem yrði annars fargað.“

Ég er mest í því að selja kúpurnar eins og þær eru, eftir að ég hef hreinsað þær, en ef ég fæ extra flottar höfuðkúpur og er í stuði, þá sker ég oft út í þær eða mála þær. Núna er ég að dunda mér við að leira utan á eina sveppi og lima mosa og greinar á hana.“

Hænubeib

„Ég hef líka verið að gera uppstoppunarverk upp á síðkastið, en það er smá svona „bad taxidermy“ fílingur í þeim. Ég er nú enginn sérfræðingur í uppstoppun og það sem ég kann lærði ég af Youtube.“

Ég er búin að stoppa upp eina rottu og setja höfuðið af henni á dúkku í færeyska þjóðbúningnum, en ég safna líka þjóðbúningadúkkum. Svo fékk ég dúfu frá stelpu sem er að rækta ýmis smádyr rétt hjá Selfossi. Höfuðið af dúfunni setti ég á dúkku í dönskum þjóðbúningi. Svo var ég að fá nokkrar dúkkur í íslenska þjóðbúningnum, með strumpahattana og allt og hlakka til að gera eitthvað með þær. Svo hef ég líka sett hænuhöfuð á barbidúkku, setti á hana augnhár og í hælaskó. Hún er algert mega-beib, sem er sérstaklega fyndið af því að maðurinn minn, sem kemur frá Húsavík, segir að þar í sveit kalli menn skvísur hænur.“

En er þetta ekki svolítið óhugnanlegt áhugamál hjá þér? Hauskúpur, bein, dauð dýr...?

„Ég skil alveg svo sem að fólk finnst það. En ég vil líka taka fram að ég er mikill dýravínur. Ég var til dæmis á hestbaki um daginn og sú sem átti hestinn spurði mig hvað ég gerði. Ég sagði henni það og bætti svo við að hestarnir hennar væru nú töluvert sprækari en mínir hestar,“ segir Dísá og hlær.

Íslenskar rottur og refatennur

Stundum kemur fyrir að Dísá fær skemmdar höfuðkúpur af refum til dæmis. „Þá pilla ég tennurnar úr og get notað þær í skartgripagerð. Ég hef enn fremur gert hálsmen og eyrnalokka úr tilfallandi mennskum endajöxlum. Svo nota ég líka vængi af páfagaukum og lappirnar af þeim í eyrnalokka. Rottufætur eru líka mjög vinsælir sem eyrnalokkar. Það hafði meira að segja kona samband við mig



Dísá selur kúpurnar oftast eins og þær eru, eftir að hún hefur hreinsað þær. En ef hún fær extra flottar höfuðkúpur og er í stuði, þá sker hún oft út í þær eða málar.



Fallega málaðar og útskornar hauskúpur.



Dísá hefur búið til eyrnalokka úr jöxlum og rottu- og fuglafótum.

um daginn og það mig um að gera handa sér eyrnalokka úr rottufótum, en ég átti þá ekki til. Þá spurði hún hvort það myndi hjálpa ef hún gæti reddað þeim. Þá var hún starfandi meindýraeyðir. Hún kom til mín með rammíslenskar göturottur og ég gerði lokka fyrir hana.“

Hreinsun er heilmikið verk

„Ég er líka í því að hreinsa upp höfuðkúpur fyrir fólk af dýrum sem því hefur þótt vænt um. Frænka mín vildi til dæmis fá höfuðkúpuna af hestinum sínum, sem dó. Svo fengu tvær refaskyttur mig til þess að hreinsa upp hauskúpur fyrir sig af refum. Ég fjárfesti því í risastórum bruggpotti til að anna eftirspurn. Enn sem komið er hef ég þó ekki hreinsað upp höfuðkúpu af ketti.“

Það er heilmikill vinna sem fer í að hreinsa upp höfuðkúpur. „Ég var að hreinsa upp tvö hestshöfuð um daginn. Það tók heila viku og ég er að drepa í kroppnum eftir það. Ef maður ætlar að hreinsa upp hauskúpu á styttri tíma en 3-4 mánuðum þá þarf að sjóða beinið í marga klukkutíma til að ná kjötinu af, en það má alls ekki bullsjóða, því þá geturðu skemmt beinin. Það þarf að sjóða extra

lengi ef þú ert með stóra hausu til að ná öllu af. Svo þarf að fjarlægja heilann. Ef dýrið er með horn þarf að taka þau af til að hreinsa innan úr þeim, því það er kjöt í hornunum. Ég á líka duglegan hund sem hjálpar mér. Svo þegar búið er að sjóða kjötið af þá þarf samt að skrapa ákveðna staði, til dæmis aftan á hnakka kúpunnar, og þá nota ég bara neglurnar. Loks þarf beinið að liggja í peroxíði, sem hvíttar beinin en hreinsar það líka svo það rotni ekki. Ef það er ekki gert þá geta komið maðkar. Ef fólk vill að höfuðkúpan liti ekki út fyrir að vera hvíttuð er hægt að láta hana liggja í kaffi til að fá brúna litinn aftur.“

Ég hef enga nákvæma tölu yfir það hversu margar höfuðkúpur ég hef hreinsað upp allt í allt, en ætli þær séu ekki hátt í 200 talsins? Þegar ég fæ áhuga á einhverju fer öll orkan mín allan sólarhringinn í áhugamálið og fyrst um sinn var ég í mikilli fjöldaframleiðslu. Margt af þessu er ég núna búin að selja frá mér eða gefa.“

Úkraínukúpan til sölu

Dísá vill svo leggja sitt af mörkum vegna stríðsins í Úkraínu. „Ég málaði höfuðkúpu af kind í fánalitum Úkraínu og setti á uppboð.“



Dísá málaði ærhöfuð í úkraínsku fánalitunum og seldi til styrktar SOS barnaþorpum sem hjálpa börnum í Úkraínu.

Ágóðinn af sölu verksins á að renna óskertur til SOS barnaþorpa sem sinna mikilvægu starfi í þágu barna í Úkraínu.“ Það er því um að gera fyrir stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga að bjóða í verkið til að leggja sitt af mörkum.“

Dísá segist aðallega selja verkin sín á netinu, í gegnum samfélagsmiðla, en að hana langi til að setja upp sýningu, til dæmis í Núllinu í Bankastræti. „Ég er einmitt alltaf á leiðinni að hafa samband við galleriin, eins og Núllið í Bankastræti, en er svo mikill frestari í eðli mínu að það hefur ekki enn orðið af því.“


Baggalútar og namíbískt agat

Dísá gerir einnig skart úr ýmsum steinum eins og baggalútum og núna er hún einmitt að vinna með Djúpálónsperlur og agat frá Namibíu. „Frænka kærasta míns gaf mér helling af agati af Agatströndinni í Namibíu þar sem sjórinn hefur slípað steinana glansandi fina. Einnig áskotnuðust mér Djúpálónsperlur, sem eru svartir kringlóttir steinar, og verða alveg kolbikasvartir þegar maður slípar þá. Þeir eiga að vera fullir af orku. Sjálf finn ég víbring þegar ég held á þessum steinum. Þeir hafa örugglega mikið verið notaðir í skart í gamla daga. Baggalútar voru svo notaðir í skart í gamla daga og voru þá kallaðir blóðstemmsteinar. Þeir voru notaðir til að stöðva blæðingar, eins og eftir fæðingar. Þeir voru lagðir á lífbeinið og áttu konurnar að drekka af vatni eða víni sem steinarnir lágu í. Það er mjög gaman að fylgjast með því hvernig þeir koma úr slípunar-trommunni eftir að hafa velkst þar um í nokkrar vikur.“ ■

Fasteignablaðið

30. TBL. 26. JÚLÍ 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS



heimili

fasteignasala
á traustum grunni

Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is



NÝTT Í SÖLU

**OPIÐ HÚS**miðvikudaginn 27. júlí
milli kl. 17.00 - 17.30**Frostafold 36**

112 Reykjavík - íb. 302

**Falleg 123 fm 4ra herbergja
íbúð á 3. hæð + bílskúr**

- Þrjú svefnherbergi
- Bjartar stofur með opið eldhús
- Úr stofum er útgengt út á suð-vestur svalir
- Smá geymsla innan íbúðar
- Bílskúr 21 fm með geymslu lofti
- Fjölskylduvænt umhverfi, stutt í skóla, þjónustu og verslun
- Húsið að utan ný yfirfarið
- Íbúðin ný máluð
- Rafmagn í íbúð ný yfirfarið

LAUS STRAX



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: 69,9 millj.

MIKLABORG

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jónen Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS

Síðumúla 31 | 108 Reykjavík | 517 3500 | fyrirtækjasala.is

Áhugaverð og fánleg fyrirtæki sem hafa skilað góðri afkomu og arðsemi.

- Netverslun með heimilsvörur og -tæki
- Ferðaskrifstofa með VIP áherslu á USA
- Vinsæl Pizzeria og veitingarstaður KEF
- Efnissala, Vín- og bjórgerð
- Verslun með lífstílsvörur í eigin húsnæði
- Ferðaþjónusta – Siglingar og veiði
- Hótel á Austfjörðum - Mjög öflugur rekstur
- Varahlutaverslun - eigin innflutningur
- Hársnyrtistofa
 - Góður rekstur og mikið um fastakúnnu til fjölda ára.
- Verktakafyrirtæki
 - Öflugt fyrirtæki í byggingu og viðhaldi fasteigna.

... svo er meira inná fyrirtækjasala.is
... eða bara hafa samband við okkur

Björgvin Óskarsson s. 773-4500 bjorgvin@atv.is
Óskar Mikaelsson lg. fasteigna og fyrirtæki s. 773-4700

Stórt og fjölskylduvænt hús á einstökum stað

Miklaborg og Jörunn, löggiltur fasteignasali, kynna: Hléskógar 21 í Seljahverfi í Reykjavík. Húsið er um 280 fm fallett einbýli á 1.016 fm endalóð. Það hefur ævintýralegan garð og var hannað af Jóni Björnssyni.

Húsið er með forstofu, skála í suðaustur hluta og útskála, upphitaða geymslu á lóð og upphitaðan garðskála. Aðkeyrslan er stórglæsileg, en þar er hlaðið handrið að garði og stórt og mikið stimplað plan og innkeyrsla sem skapa mikinn íburð þegar komið er að húsinu. Bílskúrin er svo tvöfaldur. Aðkoman að húsinu er einnig sérlega glæsileg, en gosbrunnur og garðstytur setja mikinn svip á umhverfið. Húsið stendur á endalóð og er því alveg út af fyrir sig, en þetta er einstök staðsetning innan hverfis.

Húsið er steipt og hannað af Jóni Björnssyni arkitekt og byggt á þremur pöllum. Það var reist árið 1975 og stendur á stórrí 1.016 fm lóð, þar sem háar gróður rammar húsið inn á lóðina. Húsið var klætt að utan árið 1993.

Á fyrsta palli er inngangur sem var byggður við húsið síðar og er ekki inni í uppgefnu fermetrum. Hann er rúmgóður og hefur glugga og góða fataskápa. Þegar komið er inn í holið tekur við mjög rúmlegt svefnherbergi sem er skráð á teikningu sem tómsundaherbergi og inn af því er fataherbergi. Útgengt er úr svefnherberginu út í garð. Badherbergið er flísalagt og með góðri sturtu og skáp undir handlaug með spegli fyrir ofan. Geymslan er stór og þvottahúsið hefur góða vinnuáðstöðu og innréttingu með glugga. Innangengt er inn í bílskúrana tvo, en þar er bæði rafmagn, hiti, heitt og kalt vatn og þráðlaus opnari fyrir hurðirnar.


Á öðrum palli er stórt og bjart eldhús sem er innréttað með fallegri L-laga innréttingu með nýlegum tækjum og góðum borðkrók. Fyrir framan eldhúsið er mjög rúmlegt borðstofa. Þar er líka annað badherbergi sem er mjög rúmlegt og bjart og flísalagt með vönduðum og glæsilegum flisum. Þar er góð snyrtiástanda og bæði baðkar og sturta. Þar er einnig innrétting undir handlaug á baðinu og spegill með lýsingu fyrir ofan. Þrjú svefnherbergi eru á þessum palli. Þau eru öll rúmlegt og björt, en þó sérstaklega hjóna-



Aðkoman að húsinu er glæsileg og gosbrunnurinn setur svip á umhverfið.



Húsið er umlukið fallegum gróðri.



Pallurinn er stór og mikill og afgirtur.

herbergið, sem hefur fataherbergi. Sjóvarpshol og sofa (garðstofa) sem er upphitað að fullu er mjög björt og rúmlegt með útgengt bæði út í garð, þar sem er heitur pottur, upphitaður garðskáli, pallur með borði og stólum og upphitað geymsla. Úr stofu er einnig útgengt út á svalir í n-vestri með útsýni yfir borgina.

Á þriðja palli er stofa, þar er útgengt út á n-vestur svalir, með aukinni lofthæð að hluta. Stofan er sérstaklega björt og rúmlegt. Mögulegt er að opna á milli stofu og garðskála, ef áhugi er fyrir hendi. Í dag er gluggi með sandblásnu gleri þar sem létti veggurinn er.

Garðurinn er eitt ævintýri út af fyrir sig, en Björn Jóhannsson landslagsarkitekt og Karl Valur Guðjónsson sáu um hönnun hans. Búið er að gera skála við suðausturhlíð hússins, sem gert er ráð fyrir að verði opnaður inn

í hjónaherbergið, en seljandi vill að þessi ákvörðun verði tekin af nýjum eiganda. Stór og mikill afgirtur pallur er stór partur af lóðinni fyrir utan trjágróður sem umlykur lóðina og skapar mikla sérstöðu. Á pallinum er heitur pottur, borð og stólar, garðskáli sem er upphitaður og tilbúinn með alla aðstöðu til að gleðjast saman. Síðan er geymsla sem er upphitað hús á palli og þar er einnig rafmagn.

Um er að ræða fjölskylduvænt hús í notalegu umhverfi, þar sem nágrennasamvinna ríkir. Húsið hefur allt til alls til að störfjöl-skylda geti notið sín og staðsetningin er einstök innan hverfisins. Ekki hika við að panta skoðun. ■

Allar nánari upplýsingar gefur Jörunn Skúladóttir í síma 845-8958 eða í gegnum tölvupóstinn jorunn@miklaborg.is.



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf.

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík
Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

2021 Fyrirmyndarfyrtæki í rekstri
Váðagæðingur Keldun



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Starfandi í 40 ár – 1982-2022

Fasteignin Vesturgata 30 ásamt viðbótarbyggingarrétti



- Tvílyft timburhús á hlöðnum kjallara. Í skýrslu Minjasafns Reykjavíkur er það talið vera frá árinu 1880 og er því friðað.
- Aftan við húsið standa timburskúrar byggðir á mismunandi tímum. Skv. gildandi skipulagi er heimilt að rífa skúrana, en skemmuna skal endurbyggja í samráði við Minjastofnun. Húsið skal gerast upp í sem upprunalegastri mynd.
- Sambýkkt byggingarleyfi felur í sér að endurbyggja núverandi hús á lóðinni ásamt því að byggja þrjár nýjar byggingar.
- Í núverandi húsi á lóðinni eru fjórar íbúðareiningar.
- Í fyrirhugðum nýbyggingum er gert ráð fyrir fjórum íbúðareiningum þ.e. einni 3ja herbergja íbúð, einni 2ja herbergja íbúð og tveimur stúdíóíbúðum. Gert er ráð fyrir tveimur atvinnurýmum þ.e. í kjallara einnar nýbyggingarinnar auk þess sem kjallari núverandi húss verður dýpkaður undir atvinnurými.
- Húsin munu liggja þétt upp að lóðarmörkum til allra átta, þannig að útsvæði verða til á milli húsanna, ásamt svæðum á austur- og vesturhluta hennar.
- Heildarstærð bygginga verður samtals að birtu flatarmáli 536,3 fermetrar. Lóðin er 498,5 fermetra eignarlóð.

Grenilundur 3- Garðabæ.



- Eignin verður til sýnis í dag, þriðudag frá kl. 18.00 – 18.30**
- Virkilega fallegt og vel skipulagt 148,2 fermetra einbýlishús á einni hæð auk 22,4 fermetra bílskúr og opins bílskýlis á þessum eftistöta stað í Garðabænum.
- Fjögur svefnherbergi. Stór og björt setustofa. Skáli við borðstofu með útgengi á viðarverönd til suðurs. Eldhús opið við hol og með búi innaf.
- Lóðin er 972,0 fermetrar að stærð, með stórum hellulagðri innkeyrslu og stéttum fyrir framan húsið með hitalögnum undir. Stór viðarverönd til suðurs útaf skála, tyrfdar flatir, trjágróður og hellulagðar stéttar.
- Byggingarreitir á lóðinni er engan veginn fullnýttur þannig að mögulegt væri að stækka húsið þó nokkuð.

Verð 129,9 millj.

Skerjafjörður og Seltjarnarnes Glæsileg einbýlishús á söluskrá - Leitið upplýsinga hjá okkur

Porrasalir 5-7- Kópavogi. 4ra herbergja endaíbúð



- Björt og vel skipulögð 4ra herbergja 118,7 fermetra endaíbúð á 3. hæð að meðtalinni sér geymslu í vönduðu fjölbýlis-húsi með lyftu auk sér bílastæðis í bilageymslu á fallegum útsýnisstað við Golfvöll GKG.
